

# NES FRÉTTIR

JÚLÍ 2016 • 7. TBL. • 29. ÁRG.

AUGLÝSINGASÍMI  
**511 1188**



**PANTAÐU Á  
DOMINOS.IS**

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345



**Myndlistarvörur**  
Allt sem þú þarft  
í Borgartúni 22

**Slippfélagið**  
Málningarverksmiðja

Borgartúni 22  
Opið: 8-18 virka daga  
10-14 laugardaga

SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is

24  
Hagkaup

**OPIÐ**  
ALLAN sólarhringinn  
á Eiðistorgi

Sumarmótin eru hápunktur sumarsins hjá ungu knattspyrnu-fólki. Strákar og stelpur í Gróttu hafa gert víðreist um landið á síðustu vikum og verður fjallað um ævintýri krakkanna í þessu tölublaði og því næsta í ágúst.

Sjá nánar á bls. 14.

græn heilsa  
heilsuverslun

lifestream  
hrein lífræn næring

Ægisíða 121 [f](#) /grænheilsa

**Slökkvitækja-  
þjónustan**

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki  
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!



## Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:  
Virka daga: kl. 9-18:30  
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Þú getur tengst Netbankanum þínum  
í gegnum farsímann.



Skannaðu kóðann  
til að sækja „appið“  
frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á [www.islandsbanki.is/farsiminn](http://www.islandsbanki.is/farsiminn)



**Hafðu bankann  
með þér**

  
Íslandsbanki

# NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298  
 RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson  
 UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is  
 Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

## Verkefni og tekjur sveitarfélaga

Seltjarnarnesbær hefur nú óskað eftir útboðum í nýtt 40 rýma hjúkrunarheimili á Nesinu. Umræður um nauðsyn byggingar hjúkrunarheimilis eru ekki nýjar af nálinni og undirbúningur þessara framkvæmda hefur staðið yfir í tíma.

Sveitarfélögin hafa smám saman verið að taka við fleiri verkefnum saf ríkinu. Má þar nefna þjónustu við fatlaða og umræður hafa verið um yfirtöku öldrunarþjónustunnar að fullu. Rekstur hjúkrunarheimila hefur verið á vegum beggja aðila – ríkis og sveitarfélaga og telja margar bæjar- og sveitarstjórnir að ekki sé jafnt gefið þegar kemur að greiðslu kostnaðar við rekstur þeirra.

Sveitarfélögin hafa á undanförunum árum lagt áherslu á yfirtöku fleiri verkefna með það sjónarmið fyrir augum að færa stjórn þeirra og umsýslu nær notendum. Með því væri hægt að bæta þjónustuna og jafnvel að auka sparnað í meðferð opinberra fjármuna. Vandinn í þeim efnum er á hinn bóginn sá að ríkisvaldið hefur verið mjög fasthaldið á fjármuni og tregða við að rýmka tekjustofna sveitarfélaganna sem að mestu eru markaðir með lögum mikil.

Ef lítið er til nágrannalanda okkar – Norðurlandanna kemur í ljós að ehlutur sveitarfélaganna í hinum opinbera rekstri er mun meiri þar en hér á landi og hvað mestur í Svíþjóð.

Tekjur sveitarfélaga koma af tekjuskatt og skatti sem lagður er á fasteignir. Ljóst er að þeir skattstofnar duga hvergi lengur til að standa undir þeim kröfum sem gerðar eru til sveitarfélaga. Þau þurfa að fá hlutdeild í veltusköttum á borð við virðisaukaskatt ef þau eiga að sinna verkefnum sínum með sóma í framtíðinni – hvað þá að taka að sér fleiri þjónustuþætti eins og sveitarfélög á Norðurlöndunum hafa fyrir löngu gert. Hjúkrunarheimilið á Seltjarnarnesi er aðeins lítið dæmi um hvað sveitarfélögin geta gert og eiga að gera. En til þess þurfa þau að hafa næga tekjustofna.

## Hjúkrunarheimilið tilbúið 1. mars 2018



Ákveðið er að ráðast í byggingu hjúkrunarheimilis á Seltjarnarnesi og hefur Seltjarnarnesbær óskar eftir tilboðum í byggingu þess. Gert er ráð fyrir að öllu verkinu verði lokið fyrir 1. mars 2018.

Um er að ræða nýtt 40 íbúa hjúkrunarheimili á einni hæð að Safnatröð. Útboð verksins

nær til allra þátta; jarðvinnu, uppsteypu, tæknikerfa, frágangs innan- og utanhúss auk lóðar. Laus búnaður og ákveðinn sérhæfður tækniþúnaður er undanskilinn. Opnun tilboða í bygginguna fer fram fimmtudagurinn 11. ágúst kl. 14:00 hjá Seltjarnarnesbæ Austurströnd 2, Seltjarnarnesi.

Þú ferð lengra með **SagaPro**  
 Vinsæl vara við tíðum þvaglátum

20% afsláttur\*  
 í öllum helstu apótekum og heilsvöruslunum.

\* Gildir til 11. ágúst.

SAGA MEDICA

Á hjúparnum 1717 starfa sérþjálfarar sjálfbærar sem eru alltaf til taks

Líður þér illa í hjartanu?

**1717**

opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

Nesbíúinn

Fáum við þá loksins hjúkrunarheimili!



Mjúkir mánudagar: 10 - 18.  
 Þri. - fös.: 9 - 18.  
 Laugardagar: 10 - 16.

sjá nánar á [www.facebook.com/Systrasamlagid](http://www.facebook.com/Systrasamlagid)

Ný heimasíða  
[www.systrasamlagid.is](http://www.systrasamlagid.is)

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI  
 Fyrir neðan sundlauginu og World Class.  
 Sími: 511 6367

JL-húsinu - Hringbraut 119 • Sími: 571 3888 • [www.xofood.is](http://www.xofood.is)



FUN • FAST • FUSION

LÍKLEGA BESTI HOLLI SKYNDIBITINN Á ÍSLANDI  
..og í hverfinu þínu 😊

Enginn hvítur sykur, ekkert hvítt hveiti



# Nýtt gervigras vígt með sigri meistaraflokks



Þann 4. júlí síðastliðinn lauk framkvæmdum við gervi-grasskipti á Vivaldivellinum við Suðurströnd. Degi síðar var nýja grasið vígt þegar meistaraflokkur karla tók á móti Njarðvík í 2. deildinni en margt var um manninn á vellinum í blíðskaparveðri. Engin furða enda bauð ÍTS bæjarbúum á völlinn og allir spenntir að sjá fyrsta leikinn á nýja grasinu.

Skemmt er frá því að segja að Gróttumenn höfðu 2-1 sigur

á Njarðvíkingum en það voru sóknarmennirnir Viktor Segatta og Jóhannes Hilmarsson sem skorðu mörkin. Mikil ánægja er með þessa framkvæmd hjá Seltjarnarnesbæ. Gúmmíð er svokallað iðnaðargúmmí en ekki dekkjakurl sem óttast er að sé heilsuspillandi. Þá er gervigrasið sjálft fyrsta flokks en sams konar gras var lagt á Hlíðarenda, heimavöll Vals, síðasta haust en þar á bæ er mikil ánægja með völlinn.



Glaðvæð einkenndi krakkana í sumarþúðunum á Seltjarnarnesi.

## Alþjóðlegar sumarþúðir í Mýrarhúsaskóla

Yfir fimmtíu börn frá 12 mismunandi löndum taka nú þátt í alþjóðlegum sumarþúðum á vegum CISV í Mýrarhúsaskóla á Seltjarnarnesi dagana 24 júní til 21. júlí. Í þúðunum voru 48 börn frá 12 löndum, þar á meðan frá Indlandi, Jórdaníu, Filippseyjum, Noregi, Egyptalandi, Bandaríkjunum, Ungverjalandi, Brasilíu, Lettlandi og Gvatemala auk Íslands.

Þessar sumarþúðir voru stofnaðar í Bandaríkjunum 1951 og hafa verið meira og minna virkar hér á landi frá 1954 og hafa starfað af fullum krafti hér frá árinu 1984. Sumarþúðirnar eru fyrir ellefu ára börn og eru starfr2,3æktar á þriggja ára fresti. Halldóra Þórdís Jónsdóttir formaður CISV á Íslandi segir að krakkarnir hafi átt auðvelt að ná saman þrátt fyrir að koma frá mismunandi svæðum og tali mismunandi tungumál. Flest kunni þó eitthvað í ensku og séu fljót að tileinka sér hið sameiginlega tungumál. Mörgum þeirra hafi þótt svo gaman á Nesinu að þau hafi tæpast viljað fara heim aftur.

Eru tryggingarnar þínar í lagi?



Byð faglega tryggingaráðgjöf og tilboð í tryggingar fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Það er mikilvægt að tryggingarnar séu í takt við þarfir þínar eða fyrirtækis þíns hverju sinni.

Hafðu samband og ég fer yfir málin með þér.

VÍS - þar sem tryggingar snúast um fólk

Kristinn Rúnar Kjartansson  
kristinnk@vis.is  
Sími 560 5155 | GSM 820 0762

**NES FRÉTTIR** Sími: 511 1188



KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

### Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónavíðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



**Tjónaskoðun**  
Við skoðum bíllinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.



**Framrúðskipti**  
Skiptum um framrúður og önnur annars konar rúðskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerheirnsun á bíli.



**Mössun / snyrting á lakki**  
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



**Dekkjáþjónusta**  
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



**Rétting og máling**  
Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst trústu kröfur.



**Bílaþvottur / djúphreinsun**  
Bjóðum við upp á almennan bílaþvott, djúphreinsun, bön ofl. Frir þvottur fylgir öllum viðgerðum.



**Innréttingar / skilæði**  
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



**Smávíðgerðir**  
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690  
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is



# Sumarnámskeiðin ganga vel

- um 60 börn skráð á námskeiðin



Survivor námskeið í bæjarferð.

Sumarnámskeiðin Seltjarnarnesi sem fara fram í júní og júlí ganga mjög vel enda eru börnin á Seltjarnarnesi til mikillar fyrirmyndar í einu og öllu. Að vanda er ýmislegt brallað og leggja starfsmenn sig fram við að bjóða upp á faglega og fjölbreytta dagskrá til að hámarka upplifun barnanna. Þar má nefna heimsókn í Álfagarðinn í Hafnarfirði, sundferð í Salalaug og kanínuleit í Öskjuhlíð. Nærum-hverfið er einnig vel kannað, fjaran er rannsókuð, farið í fótabað í Kviku - Bollastein og reynt að nýta sem best öll þau góðu útivistarsvæði sem finna má á Seltjarnarnesi til leikja og fræðslu.

Survivor hefur gengið vel í sumar. Ákveðið var að breyta staðsetningu útilegunnar sem börnin fara í við námskeiðslok og

nú er haldið á Akranes þar sem við tjöldum í skógræktinni. Skógræktin er mikil náttúruperla og skemmtileg upplifun fyrir börnin að fara í margskonar leiki í þessu fallega umhverfi. Börnin á Survivor námskeiðinu eru upp til hópa mjög ánægð með þessa breytingu.

Smíðavöllurinn reis hratt og vel í byrjun sumars og nú hafa verið byggðir um 20 kofar. Um 60 börn voru skráð á fyrra tímabilið sem er mun meira en verið hefur hin síðustu ár. Auk kofanna voru smíðaðir sólbekkir og sólpallar af mikilli list en nokkrir smíðir vallarins teljast orðið til fastagesta og því orðnir ansi flinkir við smíðarnar. Sumarið hefur því farið afskaplega vel af stað.

*Páll Ásgeir Torfason,  
yfirmaður sumarnámskeiða.*



## SVÍNVIKAR FYRIR HÓPA

**KJALLARINN** á Sæta svíninu er ný og skemmtileg aðstaða fyrir hópa af öllum stærðum og gerðum.

**KJALLARINN** er frábær fyrir alls konar tilefni; hádegis- eða kvöldverð, veislur, vinnufundi, kokteilboð, bjórkvöld eða fyrir „Happy Hour“ eftir vinnu.

### FYRSTA FLOKKS AÐSTAÐA Í NOTALEGUM SAL

- Sæti fyrir allt 60 manns – hægt er að taka á móti fleirum í standandi veislu
- Skjálvarpi og tjald
- Tilvalið er að koma með eigin tónlist og/eða skemmtiatriði
- Bar
- Frábær staðsetning í hjarta Reykjavíkur

Í boði eru fjölbreyttar veitingar; girnilegir hópmatseðlar, spennandi veitingar fyrir standandi veislur og auðvitað fljótandi veigar.

Við hlökkum til að taka á móti þínum hóp!

ELDHÚSIÐ  
ER OPIÐ  
11.30-23.30

# Viðburðaríkir dagar að baki

Fjölbreytt skemmtidagskrá hefur verið í boði á Nesinu undanfarnar vikur. Sautjándi júní var fagnað með pompi og pragt og fjölmenntu fjölskyldur bæjarins í skrúðgöngu og á frábæra dagskrá í Bakkagarði, þar sem m.a. annars komu fram Pollapönk, Jóhanna Luna og AmabaDama.

Þann 23. júní var bæjarbúum boðið í Jónsmessugöngu þar sem járnsmiðir og myndlistarmenn voru heimsóttir og fræðst var um fornlifauppröft, listsýningar og

nýtt hjúkrunarheimili auk þess sem slegið var upp tónleikum á þaki Lækningaminjasafnsins og boðið upp á frískandi veitingar. Þann 12. júlí voru haldnir tónleikar í Félagsheimilinu þar sem fram kom austurríski cappella sönghópurinn Triu, en fyrr um daginn höfðu liðsmenn hans verið með söngsmíðju fyrir starfsmenn í skapandi sumarstörfum á Nesinu, sem fékk einnig að troða upp með bandinu á tónleikumum við mikinn fögnuð áheyrenda. Þá hefur Eiðistorgið

verið að lifna við en einu sinni í viku hefur Húlladúllan svokallaða boðið

gestum og gangandi upp á húlla hopp undir hressilegri tónlist.



# Hringbraut flutt á Eiðistorg

- Jón von Tetzchner festir kaup á  
húsnæði á torginu



Sjónvarpsstöðin Hringbraut flutti á Eiðistorgið um síðustu mánaðamót. Stöðin flutti í húsnæði sem var í eigu Íslandsbanka en útibú hans var á Eiðistorgi fram til þess að útibúið í Örfirisey var opnað. Jón von Tetzchner athafnamaður og fjárfestir sem er fæddur og uppalin á Seltjarnarnesi hefur fest kaup á húsnæðinu.

Jón von Tetzchner hefur að undanförunu verið að festa kaup húsnæði á Eiðistorginu. Þar á meðal húsnæði sem Lyfjastofnun ríkisins var í á þriðju hæð á torginu og húsnæði Íslandsþósts en gert er ráð fyrir að starfsstöð póstsins verði þar áfram á torginu. Þá hefur Jón von Tetzchner fest kaup á því húsnæði sem Bókabúðin Hugföng hefur verið en henni verður lokað um næstu mánaðarmót. Þá má geta þess að hann hefur einnig fest kaup

á húsnæðið því sem Blómastofan var og er ætlunin að þar verði opnað kaffihús. Jón von Tetzchner hóf starfsemi á Eiðistorgi fyrir tveimur árum þegar hann opnaði frumkvöðlasetrið Innovation house. Síðan hefur hugur hans staðið til þess að efla starfsemi á Eiðistorgi og þegar er ljóst að miklar breytingar munu verða á torginu í framtíðinni. Allt frá því að von Tetzchner hætti hjá Opera Software hefur hann unnið að ýmsum verkefnum bæði hér á Seltjarnarnesi en einnig víðar en hann er búsettur í Boston um þessar mundir. Í viðtali sem Nesfréttir höfðu við hann fyrir rúnum tveimur árum sagði hann meðal annars að ef hann yrði spurður hvort hann myndi vilja flytja aftur á Seltjarnarnes þá myndi hann ekki svara neitandi.



## Ert þú í söluhugleiðingum?

Við erum til þjónustu reiðubúin  
-örugg fasteignaviðskipti



Heiðrún Björk Gísladóttir hdl.  
Löggitur fasteigna- og skipasali



Björn Þorri Viktorsson hrl.  
Löggitur fasteigna- og skipasali



Jóhann Örn B. Benediktsson  
Skrifstofustjóri

Miðborg fasteignasala • Sundagarðar 2 • 104 Reykjavík • Sími 533 4800

[www.midborg.is](http://www.midborg.is)

APOTEK  
KITCHEN+BAR

ALVÖRU STEIKUR  
OG  
BORGARAR  
SEM ÞÚ ELDAR HEIMA!



Komdu við á APOTEK KITCHEN+BAR  
og taktu með þér úrvals steikur  
og hamburgara í grillveisluna.

### STEIKUR

- Rib eye u.þ.b. 350g 5.900 kr./kg
- Nautalund u.þ.b. 250g 5.900 kr./kg
- Prime T-bone, 30 daga dry-aged, u.þ.b. 600g 8.900 kr./kg
- Prime NY strip steik, 30 daga dry-aged, u.þ.b. 450g 8.900 kr./kg
- Dry-aged rib eye, 60 daga, u.þ.b. 350g 13.900 kr./kg
- Prime rib eye, 280 daga kornfóðrað, u.þ.b. 350g 9.900 kr./kg

### HAMBORGARAPAKKINN

- Fjórir 175g Apotek borgarar úr sérvöldri rumpsteik og rifjum
- Fjögur heimabökuð brioche-brauð

2.500 kr.

### STEIKAR- OG HAMBORGARAPAKKINN

- Tvær nautalundir u.þ.b 250g/stk.
- Tveir 175g Apotek borgarar úr sérvöldri rumpsteik og rifjum
- Tvö heimabökuð brioche-brauð

4.500 kr.

Gott er að panta með dags fyrirvara í síma 551 0011 eða senda póst á [apotek@apotekrestaurant.is](mailto:apotek@apotekrestaurant.is). Einnig er hægt að prufa að hringja samdægurs ef upp kemur skyndileg grillþörf.

## Viðtal við Vigdís Másdóttur

# Pabbi tengir mig við Nesið

„Ég öklabrotnaði í vetur þannig að minna hefur farið fyrir hlaupum hjá mér en ég hef takið vel á í sundinu í staðinn,“ segir Vigdís Másdóttir leikkona, verkefnisstjóri við Listaháskóla Íslands og áhugakokkur í spjalli við Nesfréttir. Vigdís er uppalin á Seltjarnarnesinu og sækir enn sundlaugin á Nesinu. „Þetta er ein af topp þremur sundlögum á Íslandi,“ segir Vigdís.

Vigdís er fædd 1978, er leikkona að mennt og var í fyrsta atvinnuleikhópnum sem sýndi í Norðurljósum í Byggjörðum á Seltjarnarnesi. Norðurljósin varð að hætta starfsemi vegna þess að fyrirhugað er að rýma þær byggingar sem Norðurljósin hafði til afnota fyrir nýju íbúðahverfi. „Ég sé mikið eftir Norðurljósum. Það skortir mjög rými fyrir hina ýmsu leikhópa. Hentugt húsnæði er oft ekki fyrir hendi og heldur ekki á viðráðanlegu verði. Ég get hins vegar fullyrt að mikill kraftur er í sjálfstæðu senunni og margir öflugir leikhópar starfandi. Annars hef ég lítið leikið að undanförunu. Ég steig á svið í fyrsta skipti í fimm ár núna fyrir jól með leikfélaginu Geirfugli. Verkið heitir (90)210 Garðabær og er eftir skólafélaga minn úr Listaháskólanum Heiðar Sumarliðason. Verkið var sýnt í Kassanum í Þjóðleikhúsinu. Þetta var mikið ævintýri og skritið að fara aftur á svið. Þetta er svört kómedía og fjallar í grunninn um einelti.

## Átti góða æsku á Seltjarnarnesi

Vigdís er dóttir Más Gunnarssonar sem lengi starfaði hjá Nesskip og Guðrúnar Einarsdóttur hjúkrunarfræðings, en hún starfaði um tíma á heilsugæslunni á Nesinu. Ég er í sambúð með Bergsteini Sigurðssyni fjölmiðlamanni og saman eigum við lðunni sem verður fimm ára núna í júlí og Sigurð Elí sem Bergsteinn á úr fyrra sambandi. Ég á þrjár systur, þær Heiðrúnu Önnu fædda 1978, Helgu Rósu fædda 1979 og Önnu Lilju fædda 1983. Heiðrún er söngkona og lagasmiður búsett í London ásamt manni sínum og börnum. Helga Rósa og Anna Lilja fetuðu í fótspor mómmu og eru hjúkrunarfræðingar og búa í Garðabæ ásamt sínum mönnum og börnum. Við bjuggum fyrst á Bakkavörinni en fluttum síðar á Nesbala. Ég flutti ekki burt fyrr en ég fór endanlega að heiman þá orðin 25 ára og fyrsta heimili mitt í Reykjavík



Þessi mynd er tekin á 1. des skemmtun þegar ég er í 10. bekk 1994 með mómmu og pabba Má Gunnarssyni og Guðrúnu Einarsdóttur.

var við Hverfisgötuna. Þetta voru vissulega nokkur viðbrigði. Að flytja úr hinu rólega og gróna íbúðaumhverfi á Seltjarnarnesi á Hverfisgötuna sem þá var algert slömm. Felst hús í niðurníðslu og stöðugur umferðarþungi. Sem betur fer þá er þetta að breytast með nýju skipulagi, nýbyggingum og takmörkun á umferð.

Ég tel mig vera Seltirning þótt ég búi ekki á Nesinu alla vega ekki eins og stendur og tengslin hafa minnkað ef faðir minn og sundlaugin eru frátalin en pabbi býr þar enn og er ekkert á förum enda var hann að fá sér nýja íbúð á dögunum. Við bjuggum fyrst í Bakkavörinni en fluttum síðar á Nesbala. Eftir að lðunn kom undir fluttum við í Laugardalinn og það er dásamlegt þar, stutt í allt og friðsælt. Þrátt fyrir að þjást af ofnæmi þá finnst mér fátt betra en að vera úti í náttúrunni og þá er ekki amalegt að vera með svona stóran bakgarð,“ segir Vigdís hlægjandi.

## Leiklistarbakterían beit snemma

Vigdís segist hafa átt góða æsku á Seltjarnarnesi og beit leiklistarbakterían hana snemma. „Ég

man eftir að ég var sett í jólaleikrit í Mýró, þá sjö ára gömul. Mér var falið hlutverk Völvunnar miklu, ég man ekkert hvaða verk þetta var en ég man eftir mér að fara með línur í einhverjum kufli í félagsheimilinu á jólaskemmtuninni. Ég held að ég hafi verið í nær öllum jólaleikritum alla grunnskólagönguna. Lokahlutverkið var Sandy í söngleiknum Grease á móti Berki Sigþórssyni ljósmyndara sem lék Danny á 1. desember skemmtuninni í 10. bekk. Ég var svo óheppin að veikjast en lét það ekki stoppa mig og fór á svið með 39 stiga hita. Svala Björgvinsdóttir, sem hafði útskrifast árin áður sá um förðun og búninga og var tilbúin baksviðs að syngja fyrir mig ef röddin skyldi nú fara, mjög alvarlegt allt saman.“

## Bý enn að hafa æft sund

Ég æfði sund með KR í lauginni góðu og bý ég enn að þeirri þjálfun. Ég sé enn eftir að hafa hætt að æfa svo ung, en ég hætti þegar ég var 13 ára. Ég hefði æft með Gróttu en það var bara ekkert sundfélag í Gróttu, boltaíþróttin og fimleikarnir voru aðalsmerkið og er eins í dag held ég. Eftir Mýró og Való fór ég í Menntaskólann við Hamrahlíð. Ég braut línuna síðan dálítið upp og

fór eitt ár til Bandaríkjanna sem au pair og þegar ég kom aftur lauk ég framhaldsskólanum á listnámsbraut við lðnskólann í Hafnarfirði.“

## Handverkið hefur blundað í mér

„Ég átti skemmtilegan tíma í lðnskólanum. Handverkið hefur alltaf blundað svolítið í mér – svona undir niðri og þetta var góður skóli og skemmtilegt andrúmsloft og síðast en ekki síst þá átti námið mjög vel við mig. Leikhúsbakterían lét mig þó ekki í friði og stofnaði ég ásamt fleirum leikfélag lðnskólanna, þ.e. lðnskólans í Reykjavík og Hafnarfirði, sem er Tækniskólinn í dag. Það voru áhugaverðir tímar því að ég var fengin til þess að kenna við skólann. Ég var með leikræna tjáningu í lífsleikni. Ég sat því í tækniteiknun með upprennandi húsasmiðum og kenndi þeim svo í þeim næsta. Með því fór önnur baktería af stað - kennslan. Síðan í lðnskólanum hef ég reglulega kennt. Ég ætlaði mér aldrei að verða kennari en það er eins og lífið hafi stýrt mér þangað. Ég hóf nám í Listaháskólanum 2005 og útskrifaðist 2009 sem leikkona. Ég starfaði m.a. með sjálfstæðum leikhópum þar til að



lönn kom undir. Eftir komu hennar breyttist ýmislegt og mig langaði í frekara nám. Mér var þá bent á meistaranámið í listakennslu sem Listaháskólinn býður upp á. Þetta var mikill skóli og ómetanleg tengsl sem ég myndaði þar. Ég grínast nú með það hversu mikið ég elska skólann, eyddi þar sex árum í nám og er nú farin að vinna þar.“

### Listaháskólinn býr við erfiðar aðstæður

Vigdís starfar í dag sem verkefnisstjóri og deildarfulltrúi í sviðslistadeild við Listaháskólann. Hún segist um margt vera í draumastarfi en skólinn býr því miður við mjög erfiðar aðstæður. „Hann er til húsa á nokkrum stöðum í borginni. Í Laugarnesi þar sem eitt sinn átti að framleiða SS pylsur, Hönnunardeildin er í Þverholtinu þar sem DV var lengi til húsa og svo er sviðslista og tónlistardeildin við Sölvhólsgötuna þar sem ég vinn. Skólinn er fjárveltur og þessi skipting á milli algerlega aðskilda húsa eykur enn á þann vanda bæði vegna þess að eðlilega er mun dýrara að reka hann á svona mörgum stöðum. Og það er ekki aðeins reksturinn sem líður fyrir þetta heldur einnig skólasamfélagið. Það hefur áhrif á þverfaglegt starf skólans að við erum ekki í sömu byggingu. Það myndast rof á milli deilda sem er mjög miður þrátt fyrir tilraunir til þess að sporna við því.“

### Stjórnvöld hafa verk að vinna

„Því miður hefur lítið gerst,“ heldur Vigdís áfram. „Menntamálaráðherra virðist ekki hafa áhuga á að vinna að málefnum skólans eða hann dregur algerlega lappirnar. En þetta er ófremdarástand sem verður að leysa. Og nú þýðir ekki að draga lappirnar lengur. Stjórnvöld hafa verk að vinna í málefnum Listaháskólans. Við skulum ekki gleyma því að þetta er eini listaháskólinn á Íslandi. Við getum ekki horft afturbak í menntamálum þegar aðeins var



„Þetta er fjölskyldujólamyndin okkar. Bergsteinn Sigurðsson, ég og Lönn Bergsteinsdóttir,“ segir Vigdís.

talið nauðsynlegt að mennta nokkra presta, lækna og lögfræðinga. Ef að við förum að stjórna af atvinnulífnum þá er hætt við stöðnun. Stundum finnst mér eins og það sé í tísku að henda fram skapandi hugsun sem nauðsyn en þegar kemur að niðurskurði eru það skapandi greinar sem eru fyrstar látnar fara. Við þurfum að byrja strax á fyrstu stigum grunnskóla að kynna skapandi hugsun og ýta undir hana, ekki skera niður.“

### Hættum aldrei að vera namar

„Nei – ég er ekki að kenna sem stendur. Starf deildarfulltrúa er einkum falið í verkefnastjórn og annarri umsjón. Ég annast um nemendabókhalðið í deildinni og hef umsjón með ýmsum verkefnum. Eins sit ég í stjórn Hollnemafélags skólans. Það spyrja ef til vill einhverjir hvað það sé þegar þeir heyra hollnemafélag nefnt, eru vanari að heyra talað

um hollvinafélög sem jafnan eru einhverskonar styrktarfélög en þetta er „Alumnifélag, félag útskrifaðra.“ Í rauninni þá hættum við aldrei að vera namar. Við höldum alltaf áfram að læra þótt um eiginlegt skólanám sé ekki að ræða, ef við gerum það ekki er hætt á stöðnun. Eitt af markmiðum félagsins er að efla tengsl við fyrrum nemendur sem og umræðu um fræðasviðið listir. MA ritgerðin mín fjallaði til að mynda um símenntun leikara og voru niðurstöðurnar á þá leið að töluvert vantar upp á til þess að vel sé. Ég hef mikinn áhuga á að breyta því og er Opni Listaháskólinn frábær leið til þess að koma þeim breytingum í farveg. Ég er svo heppin að geta komið aðeins að þeirri vinnu.“

### Matur matur matur

Vigdís hefur frá því hún fyrst man haft mjög gaman af því að elda og gerir mikið af því. „Mamma fékk okkur systrunum það verkefni að

elda fyrir fjölskylduna eitt kvöld í viku. Ég fékk miðvikudagskvöldin og eftir sirka þrjár vikur var ég ein eftir og hélt út að elda alltaf á miðvikudagskvöldum í þó nokkurn tíma. Fyrstu skrefin voru í ítalskri matargerð. Ég hef í gegnum tíðina farið yfir alls kyns tímabil en Miðjarðarhafið hefur átt hug minn allan núna í seinni tíð. Ég get þakkað Þóri Bergssyni á Bergsson Mathús fyrir það. Hann kenndi með mér mikið en ég starfaði fyrir hann um tíma. Ég hef nýlega tekið upp á því að setja myndir af „afrekum“ mínum á instagram undir myllumerkinu #vigella. Hef alltaf ætlað mér að gera eitthvað meira úr því en það býður betri tíma. Þeir sem þekkja mig vita að ég get talað um mat klukkustundunum saman. Ég borðaði mig jú út úr módelbransanum.“

### Pabbi tengir mig við Nesið

En að Nesinu. „Já – ég er algerlega innfæddur Seltirningur. Ég fer enn út á Nes, yfirleitt til þess að kíkja á pabba. Ég fer einstaka sinnum út í Gróttu að ganga og þá er dásamlegt að geta stungið tánun í heita pottinn. Ég á góðar minningar af Nesinu og það er ákveðinn þorpsandi sem ríkir hér, það er líklegast smæð samfélagsins. Ég átti stundum erfitt með það, lenti á milli tannanna á fólki eftir að hafa unnið í módelkeppni aðeins 13 ára, en í seinni tíð lit ég á það sem forréttindi að alast upp í samfélagi sem lætur sig náungann skipta máli. Það er einhver hlýja fólgin í því að koma á æskulóðir og hitta enn sama fólkið í lauginni.“ Vigdís á ættir að rekja til Patreksfjarðar en þar ólst Bergsteinn upp og tengdaforeldrar hennar búa þar. „Það er svipuð stemming þar og á Nesinu sem ég kann mjög vel að meta og draumurinn að eignast eigið athvarf þar. Þar er einmitt frábær sundlaug, skiptir öllu máli að það sé góð sundlaug. Ég er einmitt að fara að drífa mig vestur og njóta alls þess sem Vestfirðirnir bjóða upp á, segir Vigdís að lokum.“

## FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100  
Símar 562-1070, 896-4243  
Opnið virka daga kl. 10 - 18:30

# Byggjum íbúðir sem henta ungu fólki

Í síðustu útgáfu Nesfrétta fór bæjarfulltrúi núverandi meirihluta mikinn við að svara grein minni um húsnæðisskort á Seltjarnarnesi með því að fjalla um mig persónulega og að á Nesinu væri enginn húsnæðisvandi heldur bara óttalega neikvætt ungt fólk. Ég ætla nú ekki að eyða þúðri í að svara þeirri vitleysu en bendi bæjarfulltrúanum þó frekar að rækta tengingu sína við unga Seltirninga sem eru upp til hópa afar jákvæðir, lausnamiðaðir en í mikilli húsnæðiskreppu.



Guðmundur Ari Sigurjónsson.

Það sem þó kom fram í greininni var staðfestingin á því að hér sé meiri eftirspurn heldur en framboð af húsnæði fyrir ungt fólk, að hér voru seldar félagslegar íbúðir þrátt fyrir biðlista og að tvö ár eru liðin frá fyrstu skóflustungu hjúkrunarheimilisins og enn hefur ekki verið tekin skóflustunga númer tvö. Það eru þó nýjar upplýsingar sem koma fram í greininni um það að bærinn sé ekki farinn að byggja hjúkrunarheimilið vegna kostnaðarins sem fylgir rekstrinum. Það eru kaldar kveðjur til eldri borgara sem hafa greitt sitt til samfélagsins alla sína ævi að eitt ríkasta sveitarfélag landsins tími ekki að taka þátt í „rekstrarkostnaðinum“ sem fylgir því að eiga áhyggjulaust ævikvöld.

## Verum sterk í samningaviðræðum

Varðandi byggingu íbúða á Seltjarnarnesi þá hefur bærinn mun meiri völd í skipulagsmálum en núverandi meirihluti áttar sig á. Önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu eins og Kópavogur, Mosfellsbær og Reykjavík hafa notað skipulagsvaldið til að þinglýsa skilmála á lóðir þannig að ákveðinn hluti nýrra íbúða þurfi að vera minni en ákveðinn fermetrafföldi og að ákveðinn hluti nýrra íbúða þurfi að vera leiguíbúðir. Þessi bæjaryfirvöld gera sér grein fyrir því að það eru fleiri þættir en lóðaverð sem hafa áhrif á húsnæðisverð og möguleika ungs fólks til að flytja aftur heim á Nesið.

Hingað til hafa bæjaryfirvöld verið lin í samningum við verktaka sem ólmir vilja byggja á Nesinu og hafa þeir fengið að byggja eins og þeim sýnist algjörlega óháð þörfum sveitarfélagsins en afleiðingarnar af þessari linkennu núverandi meirihluta eru þær að nánast ekkert er byggt fyrir ungar barnafjölskyldur þó að það sé það sem bærinn þarf á að halda til að halda uppi innviðunum.

Ég vil því enda þessa grein á einfaldri spurningu til núverandi meirihluta:

Hvaða hugmyndir hefur Sjálfstæðisflokkurinn á Seltjarnarnesi til þess að koma í veg fyrir frekari fækkun á börnum í grunnskólanum og íþróttafélaginu?

Guðmundur Ari Sigurjónsson  
Bæjarfulltrúi Samfylkingar Seltirninga



Munið Minningarkort Kvenfélagsins Seltjarnar  
Til styrktar kirkjusjóði Seltjarnarneskirkju  
Þau fást á Bæjarshriftstofu Seltjarnarness  
Austurströnd 2 - Sími: 595-9100

## Nýtt og betra grenndargámakerfi á höfuðborgarsvæðinu - auknir flokkunarmöguleikar



Nú er verið að taka í notkun nýja og stærri grenndargáma fyrir pappír og plast ásamt því að gámur fyrir gler hefur bæst við á margar stöðvar og mun þeim fjölga á næstu tveimur árum.

Með bættu grenndargámakerfi eru fastir losunardagar á öllum stöðvum og tíðni losunar verður endurskoðuð með hliðsjón af notkun gámana.

Staðsetningar grenndarstöðvanna hafa ekki breyst. Á öllum stöðvum eru gámar fyrir plastumbúðir og á flestum stöðvum er einnig hægt að skila pappír, gleri, fatnaði og skilgjalddskyldum umbúðum.

Lista yfir grenndargámastöðvar er að finna á [sorpa.is](http://sorpa.is).



## HÚSAVIÐGERÐIR.IS

### ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband

Við skoðum og gerum tilboð!

[www.husavidgerdir.is/hafa-samband](http://www.husavidgerdir.is/hafa-samband)

[info@husavidgerdir.is](mailto:info@husavidgerdir.is) - Sími 565-7070



Finndu okkur á Facebook

# NES FRÉTTIR

[www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)

# Eldri borgarar fóru í Borgarfjörð

Hátt í fimmtíu manns tóku þátt í sumarferð eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi sem var farin fimmtudaginn 7. júlí sl. Lagt af stað kl. 9.00 og ekið um Hvalfjörð. Stansað var við Ferstiklu, Deildartunguhver og þaðan ekið að Hraunfossjum og Barnafossjum.

Næsti viðkomustaður var Húsafell, þar var borðaður hádegismatur, skoðað var Hótelið, komið var við hjá Páli á Húsafelli og skoðað safnið hjá honum. Síðan var haldið í Borgarnes og snæddur kvöldverður í Landnámssetrinu.

Komið var heim um kl. 22.00.

Eldri borgarar á góðri stund í Borgarfirði.



## Nú er tími krabba & ljóna!



### NÝTT Í SYSTRASAMLAGINU

OMNI ONE er einstök blanda Curcumin og Boswellia Serrata eða Frankinsence olíu úr smiðju Gísla Arnars Lárussonar.

OMNI TWO er einstætt form af túrmerik (curcumin) þ.e. munnsgöfllur. Hið fyrsta sinnar tegundar á markaðnum.

### MÖNTRU ARMBÖND – vinsælasta sumarskartið

Silfrúð, gyllt, rósagull.  
Einstakt veganesti út í lífið.

Líka á karlmenn.  
Verð: 6.500/7500 kr.

### LÍFRÆNN ESPRESSÓBAR!

Líka súrdeigssamlökur, þeytingar, Acai skál, chiagrautar, croissant, kökur og margt, margt annað.

Alltaf úr besta hráefninu.

**SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI**  
Ný heimasíða: [www.systrasamlagid.is](http://www.systrasamlagid.is)  
[www.facebook.com/Systrasamlagid](https://www.facebook.com/Systrasamlagid)  
Sími: 511 6367

**AFGREIÐSLUTÍMI:**  
Mjúkir mánudagar: 10 - 18.  
Þri. - fös.: 9 - 18.  
Laugardagar: 10 - 16.

## FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

### Tölvunámskeið, gönguferðir og aðrar uppákomur

Fjörugt félags og tómstundastarf hefur verið hjá eldri bæjarbúum í sumar. Eitthvað um að vera frá mánudegi til fimmtudags. Ragnhildur og Sunneva eru ungar og efnilegar stúlkur sem eru sumarstarfskraftar hjá Seltjarnarnesbæ. Þær hafa veg og vanda af starfinu hjá eldri borgurum í sumar og senda frá sér eftirfarandi pistil.

Í sumar höfum við gert mjög margt í tengslum við félagsstarf eldri borgara. Við höfum stýrt bingó, spilað bótisía og farið í fjölmargar göngur um Seltjarnarnesið. Þar að auki höfum við kennt á tölvunámskeiði sem haldið er í tölvuveri Valhúsaskóla. Mæting á námskeiðin er búin að vera ágæt og greinilegt er að fólk hefur mikinn áhuga á að læra meira á tækin sín. Alla fimmtudaga hafa verið skemmtilegar uppákomur t.d. eins og þegar stelpurnar úr skapandi sumarstarfi Selsins komu og spiluðu fyrir okkur nokkur lög á Skólabraut. Í gegnum þetta starf finnst okkur við hafa þroskast í samskiptum sérstaklega við eldri kynslóðina. Það er gaman að upplifa þakklætið sem fólkið hefur fyrir öllu því sem maður gerir fyrir það. Við höfum báðar unnið í þjónustustörfum þar sem fólk er misþakklátt fyrir það sem maður gerir. Margt skemmtilegt er þó eftir og verður hið vinsæla Nikkuball haldið við smábátahöfnina á Seltjarnarnesi fimmtudaginn, 14. júlí. Ballið er frá 14:00 til 16:00 og Þórður Arnar Marteinsson mun leika á nikkuna fyrir dansi. Listahópur Seltjarnarness verður einnig á staðnum og tekur nokkur lög fyrir fólkið. Við viljum þakka öllum sem hafa verið með okkur í sumar fyrir frábæra samveru það hefur verið einstaklega gaman að vinna með öllu þessa yndislega fólki og verður vonandi áfram, en okkar starfi lýkur um verslunarmannahelgina.

Við þetta má bæta að hin árlega sumarferð eldri borgara var farin fimmtudaginn 7. júlí sl. Hátt í 50 manns tóku þátt í ferðinni sem farin var í Borgarfjörðinn. Það var víða komið við. Fyrsta stopp var í Ferstiklu í Hvalfirði, þaðan var farið að Deildartunguhver og síðan að Hraunfoss og Barnafossi. Snæddur var hádegisverður í Húsafelli og fengu gestir síðan að skoða glæsilegt hótél sem þar er nýbúið að opna. Þaðan var farið í heimsókn til Páls á Húsafelli en hann tók á móti hópnum, spilaði á rabbabaraflautu og langspil unnið úr steinum. Heimsóknin til Páls var bæði fróðleg og skemmtileg. Frá Páli var haldið í Borgarnes nánar tiltekið á Landnámssetrið. Þar gaft fólk kostur á að skoða sýningar um landnámið og Egilssögu. Ferðin endaði með kvöldverði í veitingasal Landnámssetursins. Það er samdóma álit allra sem þátt tóku í ferðinni að hún hafi verið einstaklega vel heppnuð, þrátt fyrir að örlitil þreyta hafi verið farin að segja til sín undir lokin enda var þetta ólík klukkustunda ferð! Á öllum viðkomustöðum var okkur tekið opnum örmum, fengum finan mat og þjónustu ásamt því að hafa fróðan leiðsögumann.

Sumarstarf ungu stúlkanna heldur nú áfram til mánaðarmóta. Kynnið ykkur endilega dagskrána hjá þeim. Eftir það tekur við undirbúningur fyrir vetrarstarfið. Bæklingurinn verður gefinn út seinnipartinn í ágúst og kynningarfundurinn og vöflukaffið í Félagsheimilinu í kjölfarið. Endilega komið með hugmyndir eða tillögur að viðburðum, námskeiðum eða öðru sem skemmtilegt væri að gera í vetur. Senda má póst á kristinh@nesid.is eða hringja í Kristínu í síma 8939800.

## UMHVERFISHORNID

### Fugl mánaðarins - Æðarfugl

Æðarfugl (æður) er næstalגעngasti varpfugl Seltjarnarness, á eftir kríunni. Hann er staðfugl, sem sést oft í stórum hópum á veturna og geta fuglarnir þá skipt þúsundum. Fuglarnir verpa dreift á óbyggðum svæðum á Framnesinu og er varpið um 100-150 kollar. Það er þéttast í Gróttu, Suðurnesi og í friðlandinu við Bakkatjörn. Varpið í Gróttu hefur sennilega aldrei verið stærra en 50 hreiður. Hlaðinn hólmur í Búðatjörn hefur væntanlega verið gerður fyrir æðarvarp. Kollur úr stóru varpi á Bessastaðanesi sækja í fæðugóttina við strendur Seltjarnarness. Auk þess eru krabbafláer, sem lifa í Bakkatjörn og Dal í Suðurnesi, vinsæl fæða hjá æðarungum.



Æðarfjölskylda með unga. Blikinn er enn með í för, en blikarnir láta kollurnar að mestu einar um uppeldi ungananna.

Jóhann Óli Hilmarsson, [www.johannoli.com](http://www.johannoli.com)

## Náttúruvernd

Náttúruvernd snýst um verndun landslagsgerða, náttúruininja og líffræðilegrar fjölbreytni, en með líffræðilegri fjölbreytni er átt við fjölbreytni innan tegunda, milli tegunda og milli vistkerfa. Með náttúruvernd er dregið úr hættu á að líf, land, sjór, vatn eða andrúmsloft spillist eða mengist, reynt að vernda það sem þar er sérstætt eða sögulegt og stuðla að því að íslensk náttúra fái að þróast eftir eigin lögmálum. Um leið er leitast við að auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af náttúru landsins og menningarminjum.

Friðun er ein þeirra aðferða sem beitt er við náttúruvernd. Tilgangur friðunar er margs konar, svo sem verndun búsvæða plantna og dýra, jarðmyndana og landslags. Með friðun er einnig reynt að tryggja rétt okkar og komandi kynslóða til að njóta útivistar í lítt snortinni náttúru.

Margrét Pálsdóttir,  
formaður umhverfisnefndar Seltjarnarness.

# SANGRÍA FIMMTUDAGAR



Bakki af fjórum frábærum  
mini Sangríum aðeins 2.990 kr.

Frábært til að deila og smakka



RESTAURANT-BAR

Vesturgötu 3B | 101 Reykjavík | Sími 551 2344 | [www.tapas.is](http://www.tapas.is)

# Friðhelgi vestursvæðana

Ég rölti eftir strandlengjunni og staldra við, dáist af útsýninu og kyrrðinni við Gróttu. Einstaka fugl rífur kyrrðina og virðir fyrir sér mannfólkið spígsporandi í fjörunni. Ég geng áfram með ströndinni og dáist af stillunni og kyrrðinni sem að ríkir. Í flæðarmálinu á Suðurströndinni spígspora börn með foreldrum sínum, þau hafa frelsi til þess að njóta þessa fallega dags. Börnin marka sporin sín í sandinn og foreldrarnir fylgjast með þeim að leik í flæðarmálinu þar sem að spegilsléttur sjórinn minnir helst á stöðuvatn. Svo mikil er friðsældin að álfirnir finna sér steina til þess að hvílast á og blaka vængjum sína til þess að fanga hlýja geisla sólarinnar. Jú, það er sunnudagur, hvíldardagur. Það er þessi friður og kyrrð sem slær taktinn þennan daginn. Friðhelgin er alger og ekkert spillir stemmingu augnablikisins, orðið friðland hittir í hjartastað.

Í Aðalskipulagi Seltjarnarness frá 2006 – 2024 segir orðrétt

„Skipulagssvæðið einkennist af einstakri náttúru og athyglisverðu menningarlandslagi. Það hefur auk þess mikið útivistar- og fræðslugildi.“ Ennfremur segir að svæðið sé í skipulagi höfuðborgarsvæðisins „eitt af mikilvægustu útivistarsvæðum höfuðborgarsvæðisins“.

Það eru forréttindi að hafa Gróttu og fjörunnar, Bakkatjörn og fleiri svæði innan seilingar, svæði sem í mínum huga eru griðarsvæði sem eiga fulla virðingu skilið. Með auknum ferðamannastraumi og þéttingu íbúðarbyggðar þá er ljóst að meiri umferð er væntanleg inn á svæðið. Þeir sem að fara keyrandi/gangandi um Grandann daglega hafa orðið varir við aukningu ferðamanna sem að sækjast eftir því að komast út á nes enda Gróttu orðið eitt af kennileitum landsins. Útrásin er hafin úr evrópsku borgarsamfélögum, fólk þráir sjávarilminn, víðsýni, frelsi og kyrrð. Leiðin fram á nes er orðin þekkt og dregur að enda sjáum við þess dæmi daglega þegar stórir hópar hjólreiðamanna, skokkara og ferðamanna fer um nesið. Það er ekkert við það að athuga en þessu þarf þó að gefa gaum þegar um viðkvæma náttúru er að ræða.

Nú er rétti tíminn að setjast niður og hugsa málin upp á nýtt. Er þörf á aukinni gæslu á vestursvæðunum, salernisaðstöðu og annað? Við

eigum verðmæti sem þarf að halda við og vernda fyrir komandi kynslóðir. Vestursvæðin með sína einstöku náttúrefugurð, fjörunnar, fuglalífið og kyrrðina sem að við sækjumst eftir eru hluti af sameiginlegum verðmætum okkar Seltirninga. Við eigum ekki að vera feiminn við að ræða framtíð og nýtingu vestursvæðana því í þeim eru fólgin einstök og óafturkræf verðmæti.

Í auglýsingu um friðhelgi vestursvæðanna er þess ekki getið hvað er átt við með að umferð um svæðið eigi að vera bundin takmörkunum. Hér er ljóst að Umhverfisstofnun og Seltjarnarbær þurfa að koma sér saman um frekari umgengnisreglur með tilliti til verndargildi svæðisins. Ennfremur þarf að skoða núna hvort að meira og formlegra eftirlit þurfi með Gróttu, Bakkatjörn og fjörunum okkar. Með auknum ferðamannastraumi og meiri almennri útivist þá er ljóst að við þurfum að huga betur að umferð um griðarsvæðin okkar og fá merkingu í orðin **bundin takmörkunum og hvort að skilti ein og sér séu nægjanleg í dag**. Skilja útlendir gestir við hvað er átt. Við höfum því miður mýmörg dæmi um að fólk túlki friðhelgi náttúrunnar frjálsglega.

„Í rauðbláu húmi sólin sest niður, yfir sjónum er miðnæturfriður þar er vitinn sem vakir allar nætur...“, segir í þjóðþekktu lagi Bubba Morthens um Gróttu. Við Seltirningar verðum að vera vitinn sem að vakir yfir landinu í túnfætinum heima það er frumkvæði sem við höfum öll efni á að taka.

Guðmundur Helgi Þorsteinsson



Guðmundur Helgi Þorsteinsson.



## Oddur Óli og Karlotta klúbbmeistarar Nesklúbbsins

Frábæru Meistaramóti Nesklúbbsins lauk laugardaginn 9. júlí sl. en Meistaramótið er hápunktur golfsumarsins hjá mörgum kylfingum. Tæplega 200 kylfingar tóku þátt í mótinu og var keppt í fjölmörgum flokkum, margir kylfingar léku frábært golf í mótinu. Oddur Óli Jónasson og Karlotta Einarisdóttir tryggðu sér sigur í meistaraflokki með flottri spilamennsku.

Karlotta sigraði meistaraflokk kvenna með miklum yfirburðum en Helga Kristín Gunnlaugsdóttir endaði önnur. Karlotta lék jafn og stöðugt golf alla vikuna og endaði á 11 höggum yfir pari. Matthildur María Rafnsdóttir endaði í þriðja sætinu.

Oddur Óli háði baráttu gegn bræðrunum Nökkva Gunnarssyni og Steini Baugi Gunnarssyni í meistaraflokki karla. Oddur lék samtals á 10 höggum undir pari þar sem hann lék m.a. þriðja hringinn á 5 höggum undir pari. Nökkvi og Steinn Baugur enduðu jafnir á tveimur höggum undir pari og vann svo Nökkvi bróðir sinn í bráðarbana um annað sætið.



Verðlaunahafar úr ýmsum flokkum á Meistaramóti Nesklúbbsins árið 2016.

### ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996

Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is • Allan sólarhringinn



### ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNsla



SUBURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI  
Fyrir neðan sundlauginu og World Class.  
Sími: 511 6367

sjá nánar á www.facebook.com/Systrasamlagið



## Gróttu með tvö lið á Pæjumóti



TM-mótið í Eyjum markar upphaf fótboldsumarsins en mótið var haldið 8. til 11. júní síðastliðinn. Gróttu sendi tvö lið til leiks og eins og vanalega var leikið fimmtudag, föstudag og laugardag. Eftir góða frammistöðu fyrstu tvo keppnisdagana lék Gróttu1 í 8-liða úrslitum við sterkustu lið mótsins á laugardegnum.

Morguninn hófst á jafntefli við Breiðablik en eftir töp fyrir Stjórnumni og FH var leikið við Fylki um 7. sætið. Þar hafði Gróttu betur, 1-0, og var góðum sigri gríðarlega vel fagnað í mótslok. Gróttu2 byrjaði mótið af miklum krafti þar sem hver glansleikurinn rak annan hjá stelpunum. Þreyta virtist vera komin í mannskapinn á síðasta keppnisdegi en engu síður geta Gróttu-stelpur gengið sáttar frá borði eftir flotta leiki og miklar framfarir síðustu mánuði. Gróttu sendi flott atriði í hæfileikakeppnina á fimmtudeginum og á föstudagskvöldið var Tinna Brá Magnúsdóttir fulltrúi Gróttu í landsleiknum svokallaða á Hásteinsvelli. Magnús Örn Helgason þjálfari Gróttu var ásamt Alex Fernandez þjálfara KR fenginn til að stýra Tinnu og félagum í Pressuliðinu sem gerði markalaust jafntefli við landsliðið í skemmtilegum leik þar sem Tinna varði nokkrum sinnum vel.

## Daði kom við sögu gegn Völsungi

Fótbolti.net fjallaði í nýlega um Daða Má P. Jóhannsson, gríðarlega efnilegan og duglegan 14 ára leikmann á yngri ári í 3. flokki karla sem hefur aðallega æft og leikið með 2. flokki.

Sá einstaki atburður átti sér stað gegn Völsungi nýlega að Daði kom við sögu í leik meistaraflokks en hann kom inn af bekknum síðla leiks og er hann eini strákurinn fæddur 2001 sem hefur leikið í deildarkeppni með meistaraflokki á knattspyrnuárinu.

Daginn eftir leik meistaraflokks gegn Völsungi heimsótti 2. flokkur karla svo ÍR-inga í bikarleik á Hertzvöllinn í Breiðholti þar sem Daði gerði sér lítið fyrir og skoraði mark og lagði upp annað!



Við óskum Daða til hamingju með fyrsta leik sinn með meistaraflokki og hlökkum til að fylgjast með honum í framtíðinni!

Meistaraflokkur karla í Gróttu er þegar þetta er skrifað er í öðru sæti í 2. deildinni með 22 stig eftir 11 leiki og er í harðri baráttu um að komast upp í 1. deild.



## Frægðarför á N1-mótið

Fimmti flokkur karla tefldi fram tveimur liðum á N1-mótinu þetta árið. Talsverð forföll rétt fyrir mót urðu til þess að Gróttu þurfti að draga eitt lið úr keppni á síðustu stundu en samstilltur hópur lét það ekki á sig fá og gerði sannkallaða frægðarför til Akureyrar.

Gróttu2 lék í dönsku deildinni og skiptust á skin og skúr í riðlakeppninni - þrjár sigrar og þrjú töp og leikið um 13-16. sætið á lokakeppnisdegi. Þar gerðu Gróttustrákarnir vel, lögðu Fram5 að velli um morguninn og kláruðu svo Skallagrím1 í öðrum æsispennandi leik. 13. sætið því staðreynd og

heilt yfir flott mót hjá Gróttu2. Strákarnir í Gróttu léku í brasilísku deildinni og enduðu í öðru sæti í sínum riðli. Í útsláttarkeppninni fór svo Gróttuvélin sannarlega í gang! ÍR1 var lagt að velli í 8-liða úrslitum og í kjölfarið fylgdi 3-2 sigur á Aftureldingu1 í háspennuleik. Lið Fjölnis3 var svo sigrað örugglega í úrslitaleiknum og Gróttu1 fór heim með gullpening um hálsinn og bikar í farteskinu. Ekki nóg með það heldur var Orri Steinn Óskarsson valinn besti sóknarmaður brasilísku deildarinnar og Ragnar Björn Bragason besti varnarmaðurinn.

## Silfurstúlkur á Akureyri

Sjötti og sjöundi flokkur kvenna tók þátt á stórmótum á Norðurlandi, nánar tiltekið á Sauðárkróki og Akureyri helgina 24. til 26. júní. Stelpurnar í 6. flokki stóðu sig vel á Króknum og mátti merkja stöðugar framfarir hjá Gróttuliðum þremur eftir því sem leið á mótið.

Gróttu3 sló algjörlega í gegn síðasta daginn, skoruðu mörk í öllum regnbogans litum og sigruðu alla sína leiki með glans. Á Akureyri sendi Gróttu fjögur lið til leiks og þar gerði Gróttu1 sér lítið fyrir og tók silfur í A-liða keppninni og Gróttu3 brons í D-liða keppninni. Hin Gróttuliðin tvö stóðu sig einnig með mikilli þrýði en þetta er stærsti stelpnaflokkur sem æft hefur hjá knattspyrnu deild Gróttu frá upphafi. Þetta eru frábær tíðindi og það er ljóst að framtíðin er björt.





Íþrótta- tómsunda- og æskulýðssvið Seltjarnarnesbæjar hefur samþykkt að bæjarfélagið láti endurnýja allar gólf dýnur í fimleikasalnum í íþróttahúsinu.

Þetta mun hafa mikla þýðingu fyrir alla aðstöðu deildarinnar og er mikið öryggi fyrir börnin. Gömlu dýrnarnar voru úr sér gengnar og þöktu ekki gólfíð eins vel og þessar.



GETRAUNANÚMER  
GRÓTTU ER  
170



HEITUR MATUR  
Í HÁDEGINU  
OG Á KVÖLDIN

TAKTU MEÐ  
*eða*  
BORÐAÐU Á STAÐNUM

*Alvöru matur*



## SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinn er Skúli Guðmundsson, hann slepti 9. bekk í grunnskóla og lauk Menntaskólanum við Hamrahlíð á þremur árum, þá aðeins 17 ára að aldri. Útskrifaðist hann þaðan með meðaleinkunnina 9,74 sem var hæsta meðaleinkunn útskriftarhópsins. Auk þess að stunda bóklegt nám lagði Skúli mikla áherslu á tónlistarnám á sinni tíð í MH og lék hann á fiðlu í rúmlega tíu ár.

**Fullt nafn?** Skúli Guðmundsson.  
**Fæðingard. og ár?** 20. nóvember 1998.  
**Starf?** Nemandi og sláttumaður Seltjarnarnesbæjar.

**Farartæki?** Fótleggirnir.  
**Helstu kostir?** Sterkur vilji, opinn hugur og óstöðvandi áhugi til lærdóms og uppgötvunar.

**Eftirlætis matur?** Lambahryggur og kálfnatsel.

**Eftirlætis tónlist?** Ég hlusta langmest á klassíska tónlist. Uppáhalds tónskáldin mín eru Debussy, Brahms og Tchaikovsky.

**Eftirlætis íþróttamaður?** Gareth Bale.

**Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?** House of Cards og Game of Thrones.

**Besta bók sem þú hefur lesið?** Nothing to Envy, sem fjallar um líf óbreyttra borgara í Norður-Kóreu. Umfjöllunarefnið var ekki beint uppörvandi en bókin þótti mér mjög vel skrifuð og mikilvægur visir um þann hrylling sem fólk þolir enn þann dag í dag.

**Uppáhalds leikari?** Charles Dance.  
**Besta kvikmynd sem þú hefur séð?** Lord of the Rings.

**Hvað gerir þú í fristundum þínum?** Ég les bækur, horfi á sjónvarpsþætti, spjalla við vini og hlusta á útvarpsþætti um heimspeki, vísindi og stjórnmál.

**Fallegasti staður sem þú hefur komið á?** Þingvellir og Lake Champlain í New York-fylki í Bandaríkjunum.

**Hvað metur þú mest í fari annarra?** Dugnað, áreiðanleika, skynsemi og góðan smekk hvað kimni varðar.



**Hvern vildir þú helst hitta?**

David Attenborough.

**Uppáhalds vefsíða?** Ég á enga upphalds vefsíðu en ég fylgist mjög grannt með heimsfréttum og til þess fer ég oft á vefsíðu BBC.

**Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?** Bækur og spariföt.

**Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti?**

Skella mér ásamt fjölskyldunni til Feneyja eða Suður-Frakklands í nokkrar vikur.

**Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?** Gefa sláttuhóp Seltjarnarnesbæjar fulllaunaðan frídag.

**Að hverju stefnir þú í framtíðinni?**

Ég stefni á að gerast annað hvort stærðfræðingur eða eðlisfræðingur.

**Hvað gerðir þú í sumarfríinu?**

Ég sló tún, las bækur, hékk allt of mikið í tölvunni og hitti vini.

Gerðu  
góðverk  
í dag

907 2002

Hjálparstarf  
kirkjunnar  
www.help.is

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími: 511 1188

Íslenskur  
uppruni

Umhverfisvænar  
umbúðir

Gæðavara

Norðlenskur  
ferskleiki

Fagmennska

Gott kvöld

